



Umhverfis- og skipulagssvið  
Borgarbyggð  
Borgarbraut 14  
300 Borgarnes

Reykjavík 2.maí 2017  
UST201703-163/K.S.J.  
10.04.02

## Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 – 2022, þjónustusvæði - Langjökull

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar er barst 20. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 – 2022, þjónustusvæði fyrir starfsemi við Langjökul.

Í ofangreindri lýsingu kemur fram að fyrirtækið Into the Glacier sem rekur þjónustu fyrir ferðamenn sem heimsækja ísgöngin í Langjökli, áætlar að nýta 13 ha svæði úr landi Húsafells 3 fyrir aðstöðu fyrir tæki og tól. Einnig kemur fram að áætlað er að skilgreina 1,5 ha svæði nánar fyrir starfsemi Into the Glacier. Áætluð tillaga mun fela í sér að svæði sem áður hafði landnotkunina frístundabyggð, verður breytt í verslunar- og þjónustusvæði.

### Staðhættir

Í lýsingu kemur fram að svæðið sem er umlukið kjarri til suðurs og austurs liggar við mörk friðlýsts náttúruverndarsvæðis Húsafellsskógar, einnig kemur fram að svæði sunnan og austan eru skilgreind sem hverfisverndað birkikjarr í gildandi aðalskipulagi Borgarbyggðar. Húsafellsskógor var friðlýstur árið 1974 og felst verndargildi svæðisins í allvíðáttumiklum birkiskógi sem er vinsælt útvistarsvæði. Einnig kemur fram að fjarlægð frá sjó annars vegar og nágrenni við lindir og ár hins vegar gera Húsafellsskógo að sérstæðu búsvæði.

### Áætluð uppbygging

Í lýsingu kemur fram að ef af breytingu verður þá er áætlað að byggja um 300 m<sup>2</sup> skemmu og einnig verður komið fyrir tveimur tuttugu feta gámum sem nýttir verða fyrir stafsmannaaðstöðu. Einnig kemur fram að gert verður ráð fyrir 150 m<sup>2</sup> móttökuhús. Áætlað er að taka á móti ferðamönnum sem koma á svæðið með rútum eða einkabílum þannig að gert er ráð fyrir bílastæðum fyrir 6-10 rútur og 30-40 einkabíla. Einnig þarf stæði fyrir trukka sem ferja fólk ið upp á Langjökul í ísgöngin.

Að mati Umhverfisstofnunar virðist áætluð uppbygging á skemmu og bílastæðum ásamt gánum ekki falla vel að nánasta umhverfi þess svæðis sem fjallað er um í lýsingunni. Þannig verða hlið við hlið annars végar fingerður birkiskógar sem er hverfisverndaður og friðlýstur og hins végar áætlað þjónustusvæði með farartækjum og viðhaldstækjum sem mögulega fylgir mengunarhætta s.s. olíumengun. Einnig bendir stofnunin á að áætluð uppbygging svæðisins mun skyggja á útsýni þeirra sem um svæðið fara bæði til suðurs og austurs. Umhverfisstofnun bendir á að þjónustusvæði eins og því er lýst í lýsingu mun frekar eiga heima nær byggð þar sem svipaðar byggingar/skemmur eru fyrir, ef þess er nokkur kostur.

### Tengsl við aðrar áætlanir.

Í lýsingu er bent á að í Landsskipulagsstefnu Íslands 2015 – 2026 er fjallað um ferðaþjónustu í sátt við náttúru og umhverfi. Að mati Umhverfisstofnunar er það ekki í sátt við umhverfið að áætla ofangreint þjónustusvæði í nágrenni við árbakka og við birkiskógs.


### Áherslur í umhverfisskýrslu


Í lýsingu kemur fram að þegar breytingartillaga verður unnin þá verði áhrif á gróður og náttúru- og menningarminjar metin. Að mati Umhverfisstofnunar er einnig mikilvægt að ásýndaráhrif verði metin og sjónræn áhrif svo mikilla framkvæmda á ósnortnu svæði. Einnig þarf að athuga vel hvort um mögulega mengunarhætta sé að ræða miðað við þá starfsemi sem þar er áætluð.

### Mismunandi kostir

Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að fleiri valkostir um staðsetningu verði skoðaðir í væntanlegu deiliskipulagi.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur